





Reykjavík, 15. ágúst 2024

Akurgerði 9 – byggingarleyfisumsókn, viðbygging – USK24060209

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. júlí 2024 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. júlí 2024 þar sem sótt er um leyfi til að setja svalir á núverandi hús og byggja vinnustofu á lóð nr. 9 við Akurgerði. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa.



Ásýnd 2
mkv.



Skipulag í gildi

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 26. nóvember 2013 og birt í B-deild stjórnartíðinda 26. febrúar 2014. Samkvæmt aðalskipulaginu er Akurgerði 9 á svæði skilgreint sem,IB 34 Gerði-austur.

Ekki er í gildi deiliskipulag né Hverfisskipulag.

Umsögn

Umsóknin hefur breyst lítillega frá fyrirspurninni hvað varðar stærð og hæð viðbyggingu, sjá teikningar hér að ofan.

Með umsókninni fylgdi skuggavarp. Mikilvægt er að forðast skuggavarp á nágrannalóðir eins og hægt er og þá sérstakleg á íverusvæði á lóð eða inni í húsum. Hvar skuggi fellur og á hvaða tíma dags skiptir þar mestu máli. Lagfæra þarf viðbyggingu, svo grenndaráhrif á lóðina nr. 24 við Stóragerði verði minni. Einn möguleiki er að færa viðbygginguna lengra inn á lóð nr. 9 og lækka hana.



JAFNDÆGUR KL 17 - Fyrir breytingar
mkv: 1 : 500



JAFNDÆGUR KL 17 - Eftir breytingu
mkv: 1 : 500

Niðurstaða

Lagfæra þarf viðbygginguna, svo grenndaráhrif verði minni.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri